

Móttaka nýrra nemenda

Samstarfsnefnd um móttöku nemenda í 1. bekk Lundarskóla er skipuð deildarstjóra yngri deildar, einum kennara úr 1. bekk ásamt leikskólakennurum frá Flúðum, Lundarseli og Pálmholti. Nefndin undirbýr komu leikskólanemenda í grunnskólann. Einnig skoðar nefndin námsefni 1. bekkjar Lundarskóla og námsefni skólahópa leikskólanna. Nefndin skipuleggur líka samstarf leikskólanna og Lundarskóla að öðru leyti og vinnur það samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Til að undirbúa barnið sem best þarf að vera gott samstarf milli skólastiganna tveggja.

Samstarfsáætlun Lundarskóla, Lundarsels, Pálmholts og Flúða er á heimasíðum allra skólanna. Sjá heimasíðu Lundarskóla <http://lundarskoli.is/skolinn/stefna-skola/>

Aðrir nemendur en 1. bekkur

Deildarstjórar sinna móttöku nemenda sem flytjast milli skólahverfa. Nemendum og foreldrum skal gefa góðan tíma í fyrstu heimsókn. Fylla þarf út þar til gerð eyðublöð og einnig neyðarkort sem ritari tekur síðan við. Nemandanum er sýnt húsnæði skólans. Deildarstjóri aflar upplýsinga um skólagöngu nemandans og félagatengsl. Tilvonandi umsjónarkennari nemandans fær upplýsingar um nemandann og tíma til að undirbúa bekkjarsystkini hans. Tilvonandi umsjónarkennari ræðir við fyrrverandi umsjónarkennara ef þurfa þykir. Eftir atvikum er svo tekin ákvörðun um það hvenær nemandinn byrjar í skólanum.

Móttaka nemenda með sérþarfir

Samkvæmt grunnskóla­lögum skulu öll börn sækja grunnskóla. Í Lundarskóla er þörfum hvers og eins nemanda mætt einstaklingslega.

Undirbúningur fyrir skólagöngu nemenda með sérþarfir

Nauðsynlegt er að skólanum séu kynntar þarfir nemanda með góðum fyrirvara þannig að hægt sé að hefja undirbúning skólagöngu hans sem fyrst svo skólinn sé vel fær um að sinna þörfum nemandans. Undirbúningur felst m.a. í því að:

- kynnast nemanda og foreldrum og kynna þeim skólastarfið
- fara í heimsóknir á fyrri dvalarstað nemandans til að kynnast búnaði og aðstæðum ef mögulegt er
- undirbúa drög að námsáætlun/einstaklingsáætlun
- undirbúa starfsfólk s.s. með námskeiðum
- gera innkaup á sértækum búnaði
- gera fjárhagsáætlun.

Kennsla nemenda með sérþarfir

Kennsla er skipulögð með þarfir hvers og eins í huga. Nemendur með sérþarfir sækja kennslu í almennri bekkjardeild eins og kostur er, með eða án stuðnings. Ráðgjafateymi skólans skipuleggur nám fatlaðra nemenda með sérþarfir hvers og eins í huga.

Þjónustuteymi á vegum skólateymis fjölskyldueildar

Þjónustuteymi er myndað í kring um börn þar sem þörf er talin á þverfaglegri vinnu foreldra/forráðamanna og fagfólks.

Beiðni um að koma á laggirnar teymi vegna barns getur komið frá öllum þeim sem að þjónustu/kennslunni koma og teymið er alltaf stofnað með samþykki foreldra/forráðamanna.

Markmið

Helsta markmiðið með teymisvinnunni er að stuðla að farsælli skólagöngu barnsins, félagslegri virkni og samfelli í þjónustunni.

Vinnulag

Þegar þjónustuteymi hefur verið stofnað er ákveðið hverjir sitji í því og hver er teymisstjóri. Hlutverk teymisstjóra er að boða til funda og sjá um að rituð sé fundargerð. Hann ber ábyrgð á að mál séu sett á dagskrá. Teymisstjóri stjórnar fundum eða skipar fundarstjóra.

Gerð er áætlun um hversu oft á að funda og í sumum tilfellum þarf að ákveða hve lengi teymið ætlar sér að starfa.

Teymið vinnur eftir þeirri meginreglu að þær sameiginlegu ákvarðanir sem teknar eru á fundinum gildi þangað til annað hefur verið ákveðið á teymisfundum.

Á fundum er farið yfir verkefni úr síðustu fundargerð, metið hvernig til tókst og ný verkefni rædd og línur lagðar um framhaldið þar með talið hver beri ábyrgð á vinnunni. Teknar eru ákvarðanir eins fljótt og hægt er á teymisfundum ef boða á nýja aðila á fundinn, s.s. aðra sérfræðinga eða fjölskyldumeðlimi.

Ferli umsókna

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar fer með málefni barna með sérþarfir/fatlanir og hefur ráðgefandi hlutverk gagnvart þeim og fjölskyldum þeirra. Fjölskyldudeild skal kynna nýja nemendur með sérþarfir fyrir skólanum og boða til fundar með forráðamönnum og fagfólki sem sinnir nemandanum. Nemendakynning skal fara fram áður en nemandi innritast í skóla. Þá skal fara fram mat á þeim möguleikum sem skólakerfið hefur til boða fyrir viðkomandi nemanda.

Ákvörðun um skólagöngu skal liggja fyrir eins fljótt og hægt er. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um skólagöngu sækja foreldrar formlega um skólavist. Skólastjóri tekur við málinu og kemur af stað skipulagsvinnu fyrir skólagöngu nemandans ásamt tilgreindum sérfræðingum skólateymis fjölskyldudeildar, foreldrum og öðrum sem málið kann að varða.